



Norðurlandaráð
Mikko Kinnunen (cent)

26. ágúst 2021

Svar við skriflegri fyrirspurn um breytingar á vinnumarkaði og símenntun

Mikko Kinnunen, fulltrúi í Norðurlandaráði, beindi hinn 1. júlí 2021 eftirfarandi fyrirspurn til Norrænu ráðherranefndarinnar:

Vinnumarkaður á Norðurlöndum stendur frammi fyrir sögulegum breytingum. Stafvæðing, loftslagsbreytingar og þróun í tæknimálum hefur í för með sér mikla þörf á símenntun vinnuafls. Símenntun eða ævinám er ekki lengur bara spariorð. Hér er um nauðsyn að ræða eigi norræn samfélög að geta endurnýjað sig og viðhaldið þeirri velferð sem einkennir þau.

Í byrjun maí 2021 fengu ráðherrar vinnumála á Norðurlöndum í hendur skýrslu undir yfirskriftinni „The Future of Work in the Nordic Countries“. Efni skýrslunnar er hið sama og ILO, Alþjóðavinnuálagstofnunin (International Labour Organization), hafði til umfjöllunar í tengslum við 100 ára afmæli sitt árið 2019.

Norræna skýrslan varpar ljósi á breytingar á vinnumarkaði út frá sjö mismunandi sjónarhornum og tengir tækifæri og ógnir á Norðurlöndum við þessar breytingar.

Með hliðsjón af þessari nýútkomnu skýrslu beini ég eftirfarandi spurningum til Norrænu ráðherranefndarinnar:

- Til hvaða beinu aðgerða hyggst Norræna ráðherranefndin grípa með tilliti til skýrslunnar „The Future of Work in the Nordic Countries“ og þeirra tilmæla sem fram koma í henni?
- Hvernig metur Norræna ráðherranefndin tækifæri nýkominna einstaklinga til að aðlagast norrænum samfélögum í gegnum framhaldsmenntun frá láglaunastörfum til viðurkenndra starfsréttinda?
- Hvaða hlutverk leika alþýðumenntun og lýðháskólar, svo eitthvað sé nefnt, í þessari heildarmynd, sem stuðlar að því að allir geti aukið við starfshæfni sína, endurmenntað sig og aðlagast nýjum vinnumarkaði?
- Hvaða færni og þekkingu sem vinnumarkaður framtíðarinnar þarfnast getur norrænt samstarf ýtt undir?

**Svar:**

Fyrir hönd Norrænu ráðherranefndarinnar mun ég svara þessari skriflegu fyrirspurn. Ég vil einnig þakka fyrir að þú beinir sjónum að nýútkominni skýrslu frá norræna verkefninu um atvinnulíf framtíðar, *The Future of Work in the Nordic Countries. Opportunities and challenges for the Nordic working life models*. Verkefnið hefur verið ofarlega á dagskrá MR-A á undanförunum árum, það leggur til mikilvæga greiningu og varpar ljósi á mikilvæg málefni sem varða stefnu til framtíðar í vinnumarkaðsmálum.

Norræna ráðherranefndin gerði grein fyrir verkefninu á þingi Norðurlandaráðs árið 2019 og við munum aftur skila greinargerð á þingi ársins þar sem rannsóknarverkefninu lýkur í ár. Í tengslum við greinargerðina gefst þingmönnum Norðurlandaráðs færi á að leggja fram spurningar og gera athugasemdir við bæði greinargerðina og niðurstöður verkefnisins.

Niðurstöður og tillögur verkefnisins voru til umfjöllunar á óformlegum ráðherrafundum í júní í ár og verða með á dagskrá fundu MR-A í framtíðinni, þar sem m.a. hugsanlegar nýjar lausnir á sviði færniþróunar í norrænu atvinnulífi verða ræddar. Niðurstöður verkefnisins eru einnig mikilvægur grundvöllur samstarfsáætlunar MR-A árin 2022–2024 en hún verður lögð fram sem ráðherranefndartillaga á þingi Norðurlandaráðs í ár. Niðurstöður verkefnisins eru einnig mikilvægur grundvöllur aðgerða MR-A til að uppfylla framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar til ársins 2023 um græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær Norðurlönd.

Í væntanlegri samstarfsáætlun gefst tilefni til að uppfylla og leggja áherslu á frekari aðgerðir MR-A sem byggjast á norræna verkefninu um atvinnulíf framtíðar og þær tegundir aðgerða sem heppilegast er að hefja á norrænum vettvangi. MR-A mun einnig leggja áherslu á þverfaglegt norrænt samstarf, til dæmis í samstarfi við ráðherranefndina um menntamál og rannsóknir (MR-U) varðandi færni á vinnumarkaði.

Hér má einnig nefna samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar á sviði aðlögunar, sem nú nýverið kom á fót norrænu tengslaneti ráðherra, sem leggur áherslu á markvissa tungumálakennslu í því skyni að auka atvinnutækifæri innflytjenda og færslu í ný störf. Einnig má við bæta að á öllum Norðurlöndunum eru ráðgjafar- og stuðningsmiðstöðvar fyrir innflytjendur bæði á sviði mennta- og vinnumarkaðsmála, sem m.a. ná til starfs- og tungumálanáms.

Fyrir hönd Norrænu ráðherranefndarinnar hlakka ég til áframhaldandi góðra samskipta við þingmenn Norðurlandaráðs um þessi mikilvægu málefni.

Helsinki, 20. september 2021.

Tuula Haatainen
Vinnuáráðherra